

1. FUNDUR ÞRÓUNARSAMVINNUNEFNDAR, 4. maí 2016 kl. 12.00-13.00 í utanríkisráðuneyti

Fundargerð

Mætt voru:

Valgerður Sverrisdóttir - formaður, Óttar Proppé - Björt framtíð, Karl Garðarsson - Framsóknarflokkur, Ásta Guðrún Helgadóttir - Píratar, Árni Páll Árnason - Samfylkingin, Elín Hirst - Sjálfstæðisflokkur, Steinunn Þóra Árnadóttir - Vinstrihreyfingin grænt framboð, Atli Viðar Thorstensen - Rauði krossinn, Inga Dóra Pétursdóttir - UN Women, Ragnar Schram - SOS barnaþorp, Fríður Birna Stefánsdóttir - ABC barnahjálpi, Ragnar Gunnarsson - Kristniboðssambandið, Geir Gunnlaugsson - Háskóli Íslands, Anna Elísabet Ólafsdóttir - Háskólinn á Bifröst, Maríanna Traustadóttir - Alþýðusamband Íslands, Ólafur Garðar Halldórsson - Samtök atvinnulífsins.

Fundinn sátu að auki starfsmenn utanríkisráðuneytis: Ágústa Gísladóttir, Þórarinna Söebeck og Anna Pála Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundur settur

Formaður bauð nefndina velkomna til þessa fyrsta fundar þróunarsamvinnunefndar og vakti athygli á að hver einasti aðalmaður í hinni 16 manna nefnd, sótti fundinn. Sagðist hún vonast eftir góðu samstarfi innan nefndarinnar. Nefndarmenn kynntu sig stuttlega hver fyrir öðrum.

2. Utanríkisráðherra býður nefndina velkomna til starfa

Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra sagðist hlakka til að vinna með nefndinni og að ánægjulegt væri að nú starfi innan hennar þingmenn frá öllum þingflokkum Alþingis. Hún skýrði frá því að meðal hennar forgangsmála til að klára fyrir þingkosningar í haust, sé ný þróunarsamvinnustefna, sem taka þurfi gildi árið 2017. Til þess þurfi hún liðsinni nefndarinnar enda sé nefndin lögbundinn umsagnaraðili. Því geti nokkur vinna verið framundan hjá nefndinni í nánustu framtíð.

Anna Pála gaf stutt yfirlit um helstu efnisatriði draganna að nýrri stefnu.

Tveir þingmenn bentu á að lítt tími sé eftir af þingstörfum fram að kosningum, líklegt sé að mikið álag verði á þinginu og því geti verið óheppilegt að leggja þetta tiltekna mál fyrir svo stuttu fyrir kosningar. Utanríkisráðherra ítrekaði mikinn vilja til að vinna málið í fullri sátt og sagði mikilvægt að ljúka því.

Ráðherra var spurð hvernig sameining Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og ráðuneytisins hafi gengið. Sagðist hún telja að sameiningin hafi gengið vel og allir starfsmenn lagt sig fram til þess. Í þessu samhengi komu fram ítrekaðar ábendingar frá nefndarmönnum um að mikill missir sé að vefritinu Heimsljósi sem gefið var út af ÞSSÍ. Verulega vanti nú upp á upplýsingamiðlun um málefni þróunarsamvinnu. Facebook-síða sé ekki fullnægjandi. Finna þurfi lausn á þessu, þótt formið þurfi ekki að vera nákvæmlega það sama og áður. Sömuleiðis kom fram gagnrýni á þær upplýsingar sem finna megja á heimasíðu ráðuneytisins um þróunarsamvinnumál. Ráðherra tók vel í þessa gagnrýni og kom fram að verið sé að vinna í málinu.

3. Umboð, hlutverk og starfshættir nefndarinnar: Umræða

Formaður kynnti drög að starfsreglum nefndarinnar sem send höfðu verið út fyrir fundinn. Rætt var um ýmsa fleti á þeim drögum og æskilega starfshætti nefndarinnar almennt. Fram kom hugmynd um að fundir nefndarinnar gætu hafist á því að starfsmenn utanríkisráðuneytis gæfu stutt yfirlit, ca. 15 mín., yfir helstu mál í starfinu frá síðasta fundi. Þó nokkuð var rætt um hvernig best sé að ákveða fundartíma nefndarinnar og almennt lögð áhersla á að fundir séu ákveðnir með góðum fyrirvara. Ákveðið var að í kjölfar fjölda ábendinga og sjónarmiða myndu formaður og starfsmenn gera tillögu að fyrirkomulagi sem og endanlegri útgáfu starfsreglna.

Fleira var ekki gert.